

Gerir upp gömul húsgögn og raftæki

Maggý Möller

Nám:

BSc. í tölvunarfræði frá Háskól-
anum í Reykjavík.
MSc í verkefnastjórnun frá Há-
skóla Íslands.

Störf:

Tölvunarfræðingur hjá Fag-
kaupum.

Núverandi starf: Verkefna- og
vörustjóri hjá Svar Tækni ehf.

Fjölskylduhagir:

Einhleyp, á 17 ára gamlan son,
Jóhann. Á ketti sem heita Ada (í
höfuðið á Ödu Lovelace, fyrsta
forritaranum í mannkynssögunni)
og Mala (í höfuðið á Malala Yo-
usafzai, mannréttindafrömuði)

Hver eru þín helstu áhugamál?

Að gera upp Mid-century mod-
ern-húsgögn og tekstundum í sund-
ur gömul raftæki og lagfæri þau.
Íbúðin mín er að mestu uppruna-
leg frá 1957 og ég hefsankað að mér
retró húsgögnum og húsmunum frá
því ég byrjaði að búa og hef gert við
hluti frekar en að henda þeim og
kaupa nýtt. Ég hef gert upp húsgögn
í rúm 20 ár og stofnaði hópinn Tekk
og vintage húsgögn/húsbúnaður
til sölu/umræður á Facebook því
mér fannst vanta samfélag áhuga-
fólks um svona sixtís-húsgögn og
húsbúnað. Í dag telur hópurinn
um 23 þúsund manns og þar skrifa
ég pistla um hvernig á að gera upp
tekkhúsgögn. Svo sauma ég stund-
um alklænað fyrir teiti og er þekkt
fyrir að „hamfletta“ gamla leðursófa
og sauma leðurpils og handtöskur
bæði fyrir sjálfa mig og aðra.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif
á þig?*

Ilmurinn eftir Patrick Süskind,
en mér fannst ég vera stódd í Frakk-
landi á 18. öld og vera þátttakandi
í söguþræðinum. Í fyrsta skipti las
ég bókina í einum rykk. Grip reglu-
lega í hana til að láta hugann reika
og endurstilla mig eftir erilsama
vinnuviku.



Maggý getur
hugsað sér að
skrifa skáldsögu
í framtíðinni.

MYND/ADSEND

”

**Ég heimsótti Cardiff
2009 og varð ástfangin
af borginni. Sagan,
mannvirkin og fólkíð.
Ég gisti á BnB sem var
queer-friendly, rekið af
hjónum sem voru
dragdrottningar á
kvöldin.**

*Hver hafa verið mest krefjandi
verkefnin á undanförunum miss-
erum?*

Meistaraverkefnið mitt, rann-
sókn um áhættusækni íslenskra
stjórnenda og verkefnastjóra. Var
þá líka í 125 prósent vinnu, kenndi
stærðfræði og tók sjálfbodaliða-
vaktir í Konukoti. Eftir á að hyggja
finnst mér þetta nett bilað. Ég er
þakklát fyrir gott bakland sem
hvatti mig áfram og sá til þess að ég
komst í gegn um þetta ósködduð.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Ég hóf nýlega störf hjá Svári þar
sem ég stýri innleiðingu ýmissa
lausna, líkt og ZOHO og TimeLog,
ásamt því að stýra ýmsum verk-
efnum þvert á deildir. Stærsta hlut-
verkið verður ZOHO, sem er svíta af
yfir 50 lausnum sem eru samþátta-
ðar svo þær vinna saman snurðu-
laust. Hægt er að samþætta þær við
aðrar hugbúnaðarlausnir, líkt og
bókhaldskerfið Unicon. ZOHO

býður upp á lausnir líkt og CRM
viðskipta- og sölukerfi, SIGN með
rafrænum undirskriftum sem stan-
dast íslensk lög og reglur og SALES-
IQ sem gerir viðskiptavinum okkar
meðal annars kleift að fylgjast með
hverjir heimsækja vef þeirra. Þetta
eru bara þrjár af yfir 50 lausnum
sem eru í boði og er það mitt hlut-
verk að tileinka mér þessar lausnir
og verða ZOHO-sérfræðingur. Við
sjáum fram á að ZOHO verði leið-
andi á markaðnum innan fimm ára
ef spár helstu sérfræðinga í bran-
sanum rætast. Þetta eru spennandi
tímar og ég er afskaplega heppin
með samstarfsfólki og hafa þau gert
þetta ferlið ánægjulegt, svo ég er full
þakklætis í garð þeirra.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Verð orðin sérfræðingur í fjöl-
mörgum lausnum Zoho og leiði
útrás hugbúnaðarins í Skandinavíu.
Eignast svo sumarþustað, annað
hvort úti á landi eða sumarhús í

Suður-Evrópu. Ég hef unun af því að
læra nýja hluti og útiloka ekki fleiri
meistaragráður. Kannski skrifa ég
skáldsögu, en kafla úr meistara-
rannsókn minni birtist í bókinni
Rannsóknir í viðskiptafræði III
sem verður gefin út núna í ársbyrjun
2023. Það er ánægjulegt.

*Ef þú þyrftir að velja annan starfs-
frama, hvað yrði fyrir valinu?*

Læknir eða húsgagnasmíður.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Cardiff. Ég heimsótti Cardiff
2009 og varð ástfangin af borginni.
Sagan, mannvirkin og fólkíð. Ég gisti
á BnB sem var queer-friendly, rekið
af hjónum sem voru dragdrott-
ningar á kvöldin og það kom nokkuð
oft fyrir að það voru dragdrott-
ningar í fullum skrúða við morgun-
verðarborðin. Ekki skemmd að í
Cardiff eru Dr. Who og Torchwood
þættirnir teknir upp, en ég er mik-
ill aðdáandi þessara tveggja sci-fi
þáttaraða. ■